

Veiðimálastofnunin

maí 1979

Teitur Arnlaugsson.

Athugun á botngerð Þjórsár  
neðan Búrfells, 21. maí 1979.

Í þessa dagsferð var ráðist, þar sem áin var vatnslitil og óvenju tær. Eftirfarandi mynd fékkst af ánni.

1. Frá ósi að Urriðafossi (20 km).

Í þessum hluta er sandbleyta og leðja í árbotninum nema allra efst, er ef til vill lítilsháttar af malar- og smágrýttum svæðum.

2. Urriðafoss og ca. 2,5 km upp fyrir Þjórsárbrú (ca. 5 km, breidd ca. 60 m = 30 hektarar).

Áin er þarna straumhörð, flúðir, grýtt og stórgrýtt í botninum.

3. Frá árhluta 2 að Búðafossi (23 km).

Í þessum hluta er líklegast einvörðungu í árbotninum sandur og fin möl. Þó er við Búðafoss smá svæði með dreifðum steinum, þar sem hugsanlegt er að séu einhver uppeldisskilyrði.

4. Búðafoss að bænum Haga (10,7 km).

Í þessum hluta virðast viða vera uppeldisskilyrði (hvað botngerð og straumlag snertir). Honum hefur verið skipt niður í eftirfarandi svæði (sjá kort).

- a) Frá Búðafossi að Hrosshyl (ca. 3,5 km, breidd ca. 200 m = 70 hektarar). Þarna er hraunbotn, neðantil smámulið hruangrjót með sandi á milli, talsverður straumur, en ofan til má segja að hraunið sé samfellt og úfið (stórgrýtt) og mun straummeiri (1 m/sek). Áin breiðir þarna úr sér og er líklegast ekki dýpri en það, að vaða megi hana á vöðlum. Uppeldisskilyrði virðast vera þarna talsverð, en hrygningarskilyrði líklegast lítil eða engin.

b) Frá Hrosshyl að nyrðri enda Ölmóðseyjar (ca. 2 km, breidd 60 m = 12 hektarar).

Þarna er talsverður halli á landinu, áin fellur í grunnu gljúfri, straumþung, flúðir og hraunbotn. Hrygningarmöguleikar líklegast litlir eða engir en uppeldisskilyrði talsverð, þó ekki samfelld.

c) Frá Ölmóðseyju að Viðey (ca. 2 km, breidd ca 200 m = 40 hektarar).

Þarna er áin grýtt, hraungrjót, gróf möl og smágrýti í bland.

Hún er fremur grunn og má líklegast allt að því vaða hana á vöðlum.

Þetta er besta og heillegasta hugsanlega uppeldissvæðið sem ég sá í ánni, og þarna virðast einnig vera nokkuð viða hrygningarskilyrði.

d) Frá Viðey að Þverá (Hagaey) (ca. 2 km, breidd ca 40 m=8 hektarar).

Hér var einungis skoðuð vestari kvíslin (við Hagaey) en eystri kvíslin er öllu vatnsmeiri og breiðari. Í vestari kvíslinni er ekki hraunbotn en grófgerð möl (grús) fremur lítið sandblendin. Botninn virðist vera fremur áfarasléttur en ætti að minnsta kosti að geta veitt smærri seiðunum skjól og hrygningarskilyrði virðast vera þarna góð. Hugsanlegt er að eystri kvíslin hafi úfinn hraunbotn. Áætluð stærð botnflatar eystri kvíslar 10-12 ha.

e) Frá Þverá að bænum Haga (ca. 1,2 km, breidd 100 m = 12 ha).

Þarna eru hraunflúðir, smámulið hraungrjót, möl og sandur í bland. Á þessu svæði ættu að vera talsverð uppeldisskilyrði hvað botngerðina snertir.

##### 5. Frá Haga að Búrfelli (11 km).

Í þessum hluta virðist eingöngu vera sandbleyta í árbotninum, nema ef til vill efst við Búrfell, þar var áin mjög djúp og eitthvað er af hraunmulningi með bökkum.

-----

Tölurnar hér að framan um stærð hugsanlegar uppeldissvæða eru áætlaðar og því ónákvæmar, og verður að taka þær sem slikar. Í fiskgenga hlutanum virðast uppeldisskilyrðin einvörðungu vera bundin við gljúfrin upp af Urriðafossi (árhlut 2), áætlað um 30 hektarar. Í ófiskgenga hlutanum að Búrfelli er það árhlutinn frá Búðafossi að bænum Haga, áætlað 152 hektarar.

Á öðrum stöðum í ánni virðast uppeldisskilyrðin vera lítil eða engin.

Fossá.

Í Fossá fyrir neðan Hjálparfoss (ca. 2,5 km, breidd ca. 30 m) eru nokkuð viða grýtt straumbrot, ca 3 hektarar. Fyrir ofan Hjálparfoss er lítið um slik brot, árbotninn að stærstum hluta gróf möl og úfin klöpp. Í Fossá fyrir neðan Hjálparfoss finnast því að líkindum bestu uppeldisskilyrðin í ánni.

BJÓRSÁ.

